



Til bæjarráðs

Dagsetning: 20.5.2024

Málsnúmer: 2309181

Tillaga um verklag, samráð og tímasetningar við innleiðingu á samþykkt bærstjórnar á breytingum í fræðslumálum Fjarðabyggðar.

Þann 13. maí sl. fundaði bæjarráð með skólastjórum grunn-, leik- og tónlistarskóla í Fjarðabyggð. Í kjölfar þeirra funda sem og innsendinga á umsögnum skóla- og foreldraráða höfum við undirrituð mótað tillögu um verklag, samráð og tímasetningar á innleiðingu á samþykkt bærstjórnar á breytingum í fræðslumálum Fjarðabyggðar. Bærstjóri, sviðstjóri fjölskyldusviðs sem og sviðstjóri mannaúts- og umbótamála fóru yfir drög að tillögunni fyrir hvert skólastig á fundum með annars vegar skólastjórnendum grunnskóla og hins vegar með skólastjórnendum leikskóla föstudaginn 17. maí sl. Þá átti bærstjóri samtöl við skólastjórnendur tónlistarskóla á föstudaginn í sama tilgangi.

Það er mikilvægt að hafa í huga að þegar breytingar voru ákvarðaðar af bærstjórn í lok febrúar sl. þá var tímalínan sú að nýta ætti tímann frá febrúarlokum til maíloka til undirbúnings og innleiðingar á ákvörðun bærstjórnar. Vegna kærufelris til mennta- og barnamálaráðuneytisins þá er ljóst að sá tímaás sem settur var upp hefur ekki staðist og nú er svo komið að næsta skólaár er handan við hornið. Mikilvægt er að eyða eins og hægt er þeirri óvissu sem þessi töf hefur skapað þannig að stjórnendur geti skipulagt sitt skólastarf í haust. Þá er einnig mikilvægt að ferlið framundan taki mið af þeim atriðum sem fram hafa komið í samráðsferlinu undanfarnar tvær vikur.

Með framlagðri tillögu undirritaðra er komið til móts við þau sjónarmið sem fram komu á fundum skólastjórnenda með bæjarráði þann 13. maí sl. til verkefnanna og tímalínunnar framundan. Góðar umræður voru á fundum bærstjóra og sviðstjóra með skólastjórnendum á föstudaginn og er það von undirritaðra sem leggjum tillöguna fram að með henni megi byggja enn frekar undir farsælt skólastarf til framtíðar í Fjarðabyggð.

Tónlistarskólar

- Innleiddar verði við upphaf skólaárs 2024/2025 þær breytingar sem samþykktar voru í bærstjórn 27. febrúar sl.
- Skipt verður 75% stöðu aðstoðarskólastjóra í tvennt þannig að tveir einstaklingar komi að því starfi samhliða kennslu.
- Unnið verður með núverandi stjórnendum að mönnun í stjórnunarstöður Tónlistarskóla Fjarðabyggðar.

Leikskólar

- Haldið verður óbreyttu starfi leikskóla fram að áramótum. Á þeim tíma verður unnið að innleiðingu á breytingunum ásamt því sem samhliða verður unnið að endurskoðun leikskólakerfisins m.t.t. vistunartíma, skráningardaga, gjaldskrár, rýni á rekstri mötuneyta o.fl.
- Stefnt er að auglýsingu á leikskólafulltrúa (í stað starfsheitisins fagstjóra leikskóla) sem hluta af innleiðingarferlinu á haustmánuðum.
- Myndaður verður starfshópur sem vinna mun að innleiðingunni og endurskoðuninni. Starfshópurinn skipa leikskólastjórar í Fjarðabyggð, fulltrúar fjölskyldusviðs og bæjarráðs.
- Í samráði við leikskólastjóra og foreldraráð verður innleiðingunni lokið og breytingum komið á áramótin 2024-2025.



Grunnskólar

- Myndaður verði rýnihópur, með skólastjórum grunnskólanna í Fjarðabyggð, fulltrúum Fjölskyldusviðs og bæjarráðs, sem skilar af sér drögum að tillögum í nóvember 2024 með lokaskilum, eftir kynningar á þeim, í febrúar 2025.
 - Rýnihópurinn mun vinna að innleiðingu breytinga sem samþykktar voru í tillögu í bæjarstjórn og horfir m.a. til útfærslu á stjórnunarhlutfalli, hagræðinga í rekstri og aukinni samvinnu og samlegð milli grunnskólanna í Fjarðabyggð með eflingu þeirra í huga. Þá mun rýnihópurinn vinna með ætlaðan seinni áfanga vinnuhóps um fræðslumál í Fjarðabyggð sem snýr að innra umhverfi skólanna s.s. kennslu og öðrum innri þáttum.
- Meðan á vinnu þessari stendur verður starfsemi grunnskólanna óbreytt næsta skólaár m.t.t. þeirra breytinga sem ákvarðaðar voru í bæjarstjórn 27. febrúar sl.
- Stefnt er að auglýsingu á grunnskólafulltrúa (í stað starfsheitisins fagstjóra grunnskóla) eftir áramótin.
- Unnið verður að útfærslum á hlutverki tengiliða fyrir komandi skólaár í samráði við skólastjóra.
- Boðið verður upp á aukna þjálfun á fjárhags- og áætlanakerfi þannig að skólastjórar geti unnið drög að starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2025.

Skólaþjónustan

- Haldið verður áfram að byggja upp skólaþjónustuna í takt við fjárhagsheimildir og aukna þjónustuhörf í samstarfi við grunn- og leikskóla þannig að hún nýtist skólunum í Fjarðabyggð sem best.


Jóna Árný Þórðardóttir
bæjarstjóri


Sviðsstjóri

Sviðstjóri fjölskyldusviðs






Þórður Vilberg Guðmundsson
Sviðstjóri mannauðs- og umbótasviðs



Anna Marín Þórarinsdóttir
Stjórnandi fræðslumála og skólaþjónustu